

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00 sem rennur í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfirði nr. 205 1. september 1964.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## S A M Þ Y K K T

**um forkaupsrétt Kópavogskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. grein skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

„Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og 26. gr. laga nr. 19/1964 að áskilja Kópavogskaupstað forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum innan sveitarfélagsins:

Jörðinni Smárahvammi,  
— Fífuhvammi,  
— Vatnsenda,  
— Gunnarshólma,  
— Geirlandi (Miðmundarmýri),

fasteigninni Kársnesbraut 68.

Enn fremur eftirgreindum eignarlöndum úr jörðinni Lækjarbotnum:

Hamri,

Seli,

Selfjallaskála,

Núpstúni,

lóð Ívars Bjarnasonar, Skipholti 8, samkvæmt heimildarbréfi dags. 1.11. 1963.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*